

Minnisblað um störf eftirlitsnefndar árið 2007

Um nefndina

Í nefndinni eiga sæti:

Sævar Sigurgeirsson, löggiltur endurskoðandi, formaður

Pórður Skúlason, framkvæmdastjóri

Guðni Geir Einarsson, deildarsérfræðingur

Starfsmaður nefndarinnar til 31. janúar 2007 var Lárus Bollason, viðskiptafræðingur og frá 1. febrúar 2007 er Jóhannes Finnur Halldórsson, hagfræðingur-cand.oecon.

Nefndin hélt 16 fundi á árinu 2007.

Almennt um störf nefndarinnar.

Nefndin starfar samkvæmt reglugerð nr. 374/2001 með síðari breytingum, (829/2003, 352/2005), en sú reglugerð er sett á grundvelli VI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Hlutverk eftirlitsnefndarinnar er að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga og gera nauðsynlegar athuganir á þróun þeirra. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við 5. gr. eða fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Samhliða skal nefndin upplýsa ráðuneytið um álit sitt.

Nefndinni er heimilt að gera samning við sveitarfélag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni er leitt gæti til lausnar á fjárhagsvanda þess sem staðfestur skal af ráðherra.

Ráðherra er rétt að beina einstökum málum er varða fjármál sveitarfélaga til eftirlitsnefndar og þarfnast nauðsynlega athugunar og aðgerða í samræmi við reglugerð þessa. Ofangreind reglugerð með breytingum er birt á heimasíðu stjórnarráðsins. Eins og kemur fram í inngangi urðu skipti á starfsmanni nefndarinnar. Lárus Bollason, viðskiptafræðingur starfaði með nýjum starfsmanni og nefndinni að ákveðnum verkefnum á árinu, samhliða því er hann tók við nýju starfi. Er honum þökkúð frábær störf og samstarf við nefndina.

Með nýrri ríkisstjórn á árinu, þá var tekin sú ákvörðun að flytja málefni sveitarstjórnarskrifstofu og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til samgönguráðuneytisins. Tók sú ákvörðun gildi 1. janúar 2008.

Ársreikningar 2005.

Þann 8. mars 2007 fór eftirlitsnefndin ásamt fyrri og núverandi starfsmanni í heimsókn til tveggja sveitarfélaga, þe. Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar, en langvarandi halli hefur verið hjá þessum sveitarfélögum. Í framhaldi af því var sveitarfélögunum sent bréf, þar sem nefndin lýsir áhyggjur yfir þróun og stöðu mála hjá þessum sveitarfélögum.

Þann 11. apríl 2007 fór eftirlitsnefndin í heimsókn til Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hitti þar sveitarstjóra og fleiri fulltrúa sveitarfélagsins, en erfiðleikar hafa verið í rekstri sveitarfélagsins. Með þessu var yfirferð vegna ársreikninga 2005 lokið.

Fjárhagsáætlanir 2007 og þriggja ára áætlanir 2008 - 2010.

Í samræmi við ákvæði VI. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og reglugerðar, nr. 374/2001, hefur eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga kannað ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2006 með hliðsjón af fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

Samkvæmt 61. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal sveitarstjórn fyrir lok desembermánaðar afgreiða fjárhagsáætlun og skv. 66. grein sömu laga skal senda ráðuneytinu strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar fjárhagsáætlunina og sama skilaskilda gildir um þriggja ára áætlun skv. 63. grein, en henni skal skila tveim mánuðum síðar, eða um mánaðarmótin febrúar, mars.

Af 79 sveitarfélögum skiluðu 7 sveitarfélög, eða 9%, fjárhagsáætlun 2007 á réttum tíma. 15 sveitarfélög, eða 19% skiluðu þriggja ára áætlun fyrir lok febrúar.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 790/2001 segir: “Afgreiði sveitarstjórn fjárhagsáætlun, ársreikning eða þriggja ára áætlun með halla skal hún senda eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga greinargerð um ástæður hallans, aðgerðir til að bæta þar úr og áætlun um framtíðarhorfur í rekstri sveitarfélagsins. Greinargerðin skal fylgjan fjárhagsáætlun, ársreikningi og þriggja ára áætlun sem send er félagsmálaráðuneyti, sbr. 66. og 72. gr. sveitarstjórnarlaga.”

Af 79 sveitarfélögum skiluðu 15 sveitarfélög fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 með halla og ef eingöngu er litið til þess, þá er um að ræða verulegan bata frá ársreikningum 2006 í fjölda sveitarfélaga með halla. Greinargerðir fylgdu ekki með frá viðkomandi sveitarfélögum í öllum tilvikum og þurfti því að byrja á því að ganga á eftir þeim og taka síðan til umfjöllunar. Öllu fleiri sveitarfélög skiluðu þriggja ára áætlun með halla eða 18 og var óskað eftir greinargerð frá þeim sveitarfélögum sem ekki höfðu þegar skilað inn greinargerð.

Ársreikningar 2006.

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal senda ráðuneytinu áritaðan ársreikning ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna fyrir 15. júní ár hvert. Þrátt fyrir það skal samkvæmt fyrstu málsgrein sömu lagagreinar ársreikningur fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyri lok aprílmánaðar.

Fyrir 15. júní á árinu 2007 var 31 sveitarfélag búið að skila ársreikningi eða 39%.

Fjöldi sveitarfélaga sem skilaði rekstri A-hluta sveitarsjóðs með halla hefur verið sem hér segir:

Árið 2002	33
Árið 2003	58
Árið 2004	37
Árið 2005	30
Árið 2006	29

Eftir yfirferð á ársreikningum og greinargerðum um halla var ákveðið að heimsækja tvö sveitarfélög, Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ og fóru þær viðræður fram 29. nóvember síðasliðinn.

Ofangreindur dráttur á skilum fjárhagsáætlana og ársreikninga ollu því að yfirferð nefndarinnar dróst fram á árið. Auk þess voru starfsmannabreytingar, sem höfðu áhrif á vinnu nefndarinnar.

Nefndin hefur gert samninga við sveitarfélög um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit. Tvennir samningar voru endurnýjaðir á árinu, annarsvegar við Djúpavogshrepp og Vestmannaeyjabæ. Samningar þessir eru markmiðsmiðaðir og gerir sveitarfélagið áætlun um aðgerðir til að ná markmiðum samningsins og sendir ársfjórðungsleg uppgjör til nefndarinnar. Ofangreindir samningar eru þeir einu sem voru til staðar á árinu 2007.